

From: Axel Árnason Njarðvík
Sent: Fri, 13 Sep 2024 08:38:06 +0000
To: Haraldur Þór Jónsson; Bjarni Hlynur Ásbjörnsson; Gunnar Örn Marteinnsson; Vilborg Ástráðsdóttir; Sýlvía Karen Heimisdóttir
Subject: Tillaga fyrir næsta fund.

Sæl verið þið.

U listinn óskar eftir því að þetta yrði tekið fyrir á næsta fundi vorum.

F h U Axel

Tillaga frá U-lista

Flugeldalaus áramót

Lagt er til að sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps banni notkun flugelda í hreppnum. Undantekin eru þó neyðarblys vegna vár eða hættu.

Það væri eftir því tekið í samfélaginu að Skeiða- og Gnúpverjahreppur yrði fyrst sveitarfélaga til að taka þetta skref. Notkun flugelda með þeirri loftmengun og þungmálmamengun sem henni fylgir er í raun barn síns tíma. Við erum landbúnaðarhérað og hættur vegna bruna, slysa á dýrum og jafnvel mönnum, með allri þeirri sorg sem og tjóni sem því fylgir, á ekki við.

Í stað þessa myndi hreppurinn haldi áramótagleði með brennu, álfareið, glóstöfum og jafnvel tröllum. Góð fjölskyldu- og vina skemmtun.

Lagt er til að stefnt verði að þessu strax um áramótin 2024-2025. Skipaður yrði starfshópur sem ynni að útfærslu þessa sem og hvernig hægt væri að styðja áfram við Björgunarsveitina Sigurgeir.